

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.**

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 100,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 169,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 10 500,00 og síðan kr. 20,80 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 25,00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 165,00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.